

Hvað er á seyði

um helgina?

Myndlist — Bækur — Myndlist — Íþróttir

SÝNING Í TÍLEFNI AF ÁRI ALDRAÐRA

Í tilefni af ári aldraðra verður á laugardaginn opnuð á Kjarvalsstöðum sýning sem kölluð er „Oft hefur ellin æskunnar not“. Á sýningunni verða verk eftir ýmsa alþýðulistamenn. Margir þeirra hafa tekið til við listgrein sína þegar þeir hættu öðrum störfum sakir aldurs. Einnig verða á sýningunni handmenntaverk unnin í ýmsis efni; tré, járn, stein, leður og fleiri efni.

Myndhöggvararnir Asmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson hafa lánað verk eftir sig á sýninguna. Meðal annarra sem eiga verk á sýningunni eru Gríma, Samúel Jónsson í Selárdal, og Óskar Magnússon. Hrafnhildur Schram og Finnur Fróðason sá um uppsetningu sýningarinnar.

Í tengslum við sýninguna á Kjarvalsstöðum verður einnig eftir til málþings á vegum Samtaka lífeyrisþega ríkis og bæja. Fyrsta málþingið verður næstkomandi þriðjudag, 20. júlí kl. 20.30. Þar mun Jón Snædal lækni ræða spurninguna: Hvað er hægt að gera til að halda andlegum og líkamlegum kröftum. Á eftir verða spurningar og umræður sem dr. Friðrik Einarsson stjórnar. Á fimmtudag mun Valborg Bentsdóttir ræða spurninguna: Hvenær er eðlilegt að menn láti af störfum? Síðar verður eftir til málþinga um fleiri mál. Framkvæmdanefnd sýn-

ingarinnar mun gefa út sýningarfréttir sem fá má hjá gæzlufólki á Kjarvalsstöðum. Í þeim geta menn kynnt sér hvað í boði er hverju sinni. Í sambandi við söfnun sýningarmuna á „Oft hefur ellin æskunnar not“ hafa verið tekin á myndbönd viðtöl við aldrað fólk sem að handmennt vinnur. Friðrik G. Friðriksson sá um viðtölin. Myndbandasýningin tekur þrjár og hálf klukkustund og verða sýningar yfirleitt tvisvar á dag á meðan á sýningunni á Kjarvalsstöðum stendur.

Sýningarnefndina skipa: Eggert Asgeirsson, Finnur Fróðason, Aslaug Sverrisdóttir, Friðrik G. Friðriksson, og Sverrir Kristinsson.

Hulda Á. Stefánsdóttir og séra Sigurður H. Guðmundsson munu opna sýninguna „Oft hefur ellin æskunnar not“ klukkan 15 á morgun. Hún er opin daglega frá kl. 14 til 22. Sýningunni lýkur 8. ágúst og er aðgangur ókeypis.

-SKJ

Myndlist



Finnur Fróðason og Hrafnhildur Schram sjá um uppsetningu sýningarinnar „Oft hefur ellin æskunnar not“. Þau halda hér á forkunnarfalllegri skútu en að baki þeirra má sjá málverk eftir Grímu. DV-mynd Þó. G.

MOSAR Í NORRÆNA

— steinhöggmyndir Ruds kringum húsið

Sýningar




Jurtasýningin í Norræna húslu er harla fróðleg. Hér að ofan sést mosinn *homalothecium sericeum*. DV-mynd: Þó. G.

Sýning Norræna hússins á íslenskum jurtum á án efa eftir að koma mörgum á óvart. Á sýningunni gefur að líta fjöldann allan af mosum en auk þess má á sýningunni sjá þörungur, fléttur, lyng og fleiri plöntur. Gróðurinn á sýningunni er þannig vaxinn að fæstir veita honum að jafnaði athygli né hafa tækifæri til að virða hann fyrir sér.

Bergþór Jóhannsson sá um uppsetningu sýningarinnar fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar Íslands, en Norræna húsið fór þess á leit við Náttúrufræðistofnunina að hún sæi um uppsetningu sýningar á íslenskum jurtum. Í fyrri sumar voru íslenskir steinar til sýnis í anddyri Norræna hússins.

Salurinn í kjallara Norræna hússins er nú lokaður vegna viðgerða. Einnig er unnið að lagfæringum á stéttum umhverfis húsið. Umhverfis Norræna húsið standa nú höggmyndir danska myndhöggvarans Johns Ruds. Hann hefur látið þau orð falla að honum mundi verða mikið ágengt fengi hann fólk til að taka hendurnar upp úr vösum og strjúka steinhöggmyndirnar. Höggmyndir Ruds eru líka þægilegar hvort heldur horft er á þær eða hönd strokið yfir þær.

-SKJ



Manuela Wiesler leikur á einleikstónleikum í Hallgrímskirkju á sunnudagskvöldið.

Mynd: Ásgeir Long.

MANUELA LEIKUR Í HALLGRÍMSKIRKJU

Manuela Wiesler leikur einleik á flautu í Hallgrímskirkju klukkan 20.30 á sunnudagskvöld. Á efnisskránni eru fimm áköll eftir André Jolivet, tilbrigði um La Folia eftir Marin Marais og Sónata eftir Hilding Rosenberg. Að tónleikum loknum verða kvöldbænir. Aðgangur er ókeypis en tekið verður við framlögum í orgelsjóð Hallgrímskirkju.

-SKJ